



Akureyrarbær



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

SAMNINGUR
AKUREYRARBÆJAR OG
FÉLAGS ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI

Markmið:

Félags- og tómstundastarfi fyrir eldri borgara á vegum Akureyrarbæjar er fyrst og fremst ætlað að skapa þær ytri aðstæður sem þarf til að efla frumkvæði, sjálfstæði og áhuga og stuðla að meiri virkni og þátttöku eldri borgara.

Samningur milli Félags eldri borgara á Akureyri og Akureyrarbæjar

Akureyrarbær, kt.: 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri og Félag eldri borgara á Akureyri, hér eftir nefnt EBAK, kt.: 651082-0489, Bugðusíðu 1, 603 Akureyri, gera með sér eftirfarandi samning.

1. gr. Markmið

Með samningi þessum lýsa Akureyrarbær og EBAK yfir vilja sínum til að taka höndum saman um að tryggja eldri borgurum á Akureyri aðgang að eins góðu félags- og tómstundastarfi og þörf er á hverju sinni. Markmiðið er að tryggja og viðhalda andlegri, félagslegri og líkamlegri færni þeirra til að njóta efri áranna eftir vilja og getu hvers og eins.

Félags- og tómstundastarfi fyrir eldri borgara á vegum Akureyrarbæjar er fyrst og fremst ætlað að skapa þær ytri aðstæður sem þarf til að efla frumkvæði, sjálfstæði og áhuga og stuðla að meiri virkni og þátttöku eldri borgara.

Það er sameiginlegur skilningur aðila að stuðningur við EBAK sé bundinn því að starfsemin í félagsmiðstöðinni við Bugðusíðu og Víðilundi sé opnar öllum eldri borgurum.

Félagsmiðstöðvarnar í Bugðusíðu og Víðilundi eru opnar allt árið.

Opnunartími og þjónustuframboð verður þó minna í sniðum yfir sumartímann.

2. gr. Framlag Akureyrarbæjar

Akureyrarbær leggur EBAK til húsnæði og stendur straum af kostnaði við rekstur, þ.m.t. hita, rafmagni, ræstingu, tryggingum, viðhaldi, síma, snjómokstri og sorphirðu.

Akureyrarbær leggur til starfsfólk í félagsmiðstöðvum fólksins, Birtu og Sölku, eins og þarf hverju sinni, til að tryggja nauðsynlega þjónustu við notendur. Hlutverk starfsmanna er að vera til staðar á virkum dögum samkvæmt nánara samkomulagi, sjá um skipulagningu á húsnæðinu í samráði við félagið, umsjón/aðstoð við opin hús, kynningar og annað félagsstarf, auk þess að vinna sérverkefni fyrir EBAK. Starfsmenn heyra undir forstöðumann tómstundamála.

Í boði verða einstök námskeið og aðstoð við ráðningu verktaka til að halda einstök námskeið í samráði við félagið. Námskeiðin verða í samræmi við það húsnæði sem er til staðar og þann búnað sem til er hverju sinni.

EBAK fær aðstöðu fyrir félagsstarfsemi sína eftir óskum og þörfum meðan húsrúm leyfir. Félagið fær skrifstofu til eigin nota í húsinu og stendur sjálft straum af rekstri hennar, t.d. síma sem er skráður á EBAK, tölvu- og ljósritunarbúnað.

EBAK annast um og fær leigutekjur af útleigu húsnæðisins á virkum dögum. Hún er alfarið á ábyrgð félagsins og hefur stjórn þess eftirlit með útleigunni. Akureyrarbær sér um aðra útleigu og fær leigutekjur af henni. Öll leiga miðast aðallega við útleigu til eldra fólks. Tómtundastarfsemi eldri borgara á vegum bæjarins og Félags eldri borgara skal njóta forgangs að húsnæðinu. Skemmdir á húsnæði og/eða húsbúnaði sem verða vegna útleigunnar skal greitt af leigutaka.

Auk framangreinds veitir Akureyrarbær félaginu rekstrarstyrk frá 2023 til og með 2025 vegna vinnuframlags, samtals 5.000.000 kr., sem greiðist á eftirtöldum gjalddögum:

1.000.000 kr. 1. júní 2023

1.000.000 kr. 1. febrúar 2024

1.000.000 kr. 1. ágúst 2024

1.000.000 kr. 1. febrúar 2025

1.000.000 kr. 1. ágúst 2025

98. 2024.

Fjárhæðir eru með fyrirvara um framlög úr bæjarsjóði á fjárhagsáætlun hvers árs. Verði veruleg breyting á forsendum, taka aðilar upp viðræður um breytingar á framlagi í því skyni að laga það að breyttum aðstæðum. EBAK á ekki kröfu á bæjarsjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða felld niður.

3. gr. Framlag EBAK

EBAK mun koma að skipulagningu starfseminnar með Akureyrarbæ í þeim tilgangi að efla starfsemina eftir þörfum og virkja áhuga og frumkvæði eldri borgara til ánægjulegrar samveru í félagsmiðstöðvunum í Víðilundi og Bugðusíðu. EBAK mun vinna með Akureyrarbæ að því að hvetja eldri borgara til að njóta félagslífs og sækja félagsmiðstöðvarnar.

EBAK mun í samstarfi við Akureyrarbæ leitast við að auka sjálfstætt starf eldri borgara, t.d. klúbbastarf, fræðslustarf, heilsurækt og námskeiðahald.

EBAK á ýmsan búnað sem nýttur er í félagsmiðstöðinni Bugðusíðu (Birtu). Listi yfir þann búnað er í fylgiskjali samnings þessa. (Sjá fylgiskjal nr. 3.) Félagið sér alfarið um viðhald og endurnýjun þess búnaðar sem er í eigu félagsins.

Í samræmi við reglur Akureyrarbæjar um styrkveitingar skal EBAK, að loknum aðalfundi, skila ársreikningi liðins reikningsárs og fundargerð nýliðins starfsárs til forstöðumanns tómstundamála og formanns fræðslu- og lýðheilsuráðs.

4. gr. Samráð

Félagið og Akureyrarbær eiga samstarf í gegnum Öldungaráð Akureyrarbæjar sem starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.

K. G. J.

Einnig skulu haldnir sérstakir samráðsfundir samningsaðila að lágmarki einu sinni á ári. Akureyrarbær boðar til þess fundar í októbermánuði, en að auki geta báðir aðilar óskað eftir fundi á hvaða árstíma sem er. Af hálfu Akureyrarbæjar ber fræðslu- og lýðheilsusvið ábyrgð á samskiptum við félagið. Tengiliður hverju sinni er forstöðumaður tómstundamála.

5. gr. Gildistími, endurskoðun.

Samningurinn er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2023 – 31. desember 2025.

Þrátt fyrir tímabundið gildi, er samningur uppsegjanlegur með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti á gildistíma hans.

Samningsaðilar eru sammála um að samningurinn verði tekin til umræðu og hugsanlegrar endurskoðunar í október ár hvert.

Akureyri _____

f.h. Akureyrarbæjar



Asthildur Sturludóttir
bæjarstjóri

f.h. EBAK



Karl Erlendsson
formaður